

Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi er að mestu samhljóða samningi aðila frá árinu 2003. Gerir samningurinn ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2004 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2005. Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2004/2005 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2004.

Enn fremur er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

Þá er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2004.

Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2004. Þar með er nú kveðið á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2004 í einum samningi og

ekki þörf á að aðilar geri með sér sérstakan samning um heimildir til veiða á norsk-íslenskri síld í lögsögu hvors annars.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 30. mars 2004 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2004. Er þar um óbreyttar veiðiheimildir frá árinu 2003 að ræða.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmans Færeyja.

Reykjavík, 25. mars 2004

Hr. lögmaður
Jóannes Eidesgaard
Føroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2004 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2004 til apríl 2005. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2004/2005 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2004. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2004. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2004 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2004.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar til-

kynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 30. mars 2004

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Reykjavík
Ísland

Harra uttanríkisráðharri.

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett hin 25. mars 2004, sum ljóðar soleiðis:

“Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslenskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslenskum og føroyskum sjógvi í 2004.

Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

“Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslenskum og føroyskum sjógvi í 2004.

1. gr.

Partarnir fara fyrri 20. juni 2004 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2004 til apríl 2005. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treyt að av at fyrirteytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.

Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyrri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2004/2005 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslenskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslenskum búskaparøki í 2004. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslenskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2004. Eftir samráðingar við íslenskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2004 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslenskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslensk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslensk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgjeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgjeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunnngerð.

7. gr.

Hvør partur fyri sig skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2004.”

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt.”

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt.

Við hávirðing,
Jóannes Eidesgaard
løgmaður